Holtsvegur 2-6

Matshluti 01-02-03 ...

BYGGINGARLÝSING

a. Almennt
Götuheiti: Holtsvegur 2, 4 og 6

b. Notkun:
Holtsvegur 2-6 er fjöleignarhús sem myndar eina samstæða heild. Húsið skiptist í þrennt með stigakjörnum sem eru þriggja, fjögra og fimm hæða með samanlagt 24 íbúðir. Holtsvegur 2 og 4 hafa aðalinngang garðmegin,en 6 frá Holtsvegi að ofan. Efsta hæð Holtsvegar 4 er inndregin, og allir stigagangar eru gegnumgengir með póstkassa garðmegin. Hæðamismunur á milli húsa er tekin út í landi með skábrautum og stígum.
Allar íbúðir eru hannaðar á grundvelli algildrar hönnunar, þar sem lámarksbreytinga er þörf til að uppfylla öll skilyrði um algilda hönnun. Sjá meðfylgjandi greinargerð, fyrir algilda hönnun. Hönnun á aðkomu á jarðhæð miðast við þarfir fatlaðra.

Hvert hús er einn matshluti
MHL01: Holtsvegur 2
MHL02: Holtsvegur 4
MHL03: Holtsvegur 6

Húsin eru staðsteypt og einangruð að innan. Að utan eru veggir fyrstu hæðar og kjallara með náttúrusalla. Efri hæðir málaðar í ljósum lit, svalir eru klæddar með íslensku greni og stigahús eru einangruð að utan og klædd litaðri álklæðningu.
Sorpgeymslur eru staðsettar á lóð í opnum sorpskýlum.Gólf er steinsteypt með halla að niðurfalli. Sorpskýli tilheyrir hverjum matshluta (húsnúmeri).
Geymslur eru fyrir hverja íbúð, ásamat inntaks- og tæknirýmum í kjallara hvers matshluta fyrir sig.
Íbúðir eru upphitaðar með ofnum og einnig önnur rými.
Vélrænt útsog er úr salernum og frá eldhúsi.
Gert er ráð fyrir gagnkvæmu samkomulagi íbúðareigenda, um lokun svala með póstlausu glerjunarkerfi (t.d Lumon eða samb.l með 90% opnanlegt)
Skjólveggir á jarðhæð skulu vera háðir samþykki arkitekts.

c. Helstu stærðir:
Byggingin er 3 (6), 4 (2) og 5 (4) hæðir.

Heiti hæðar:	brútto m^2	brútto m^3
MTH01:	1.121,5 m^2	3.449,7 m^3
MTH02:	1.521,1m^2	4.753,7 m^3
MTH03:	931,7 m^2	2.930,6 m^3
Heild: brútto	3.574,3 m^2	11.134,0 m^3

d. Stærð lóðar, nýtingarhlutfalli:

Lóðarstærð:	4.089 m^2
Bílastæðaþörf á lóð:	48 stk skv. gildandi skilmálum/reglugerð.
Fjöldi bílastæða:	48 stk þar af 3 fyrir hreyfihamlaða
Nýtingarhlutfall	0,87

e. Burðarvirki:
Húsið er grundað á klöpp.
Undirstöður og botnplata eru járnbentar og staðsteyptar.
Burðarvirki berandi út- og innveggja er járnbent og staðsteypt .
Gólfplötur og svalir á milli hæða eru járnbentar og staðsteyptar.
Stigar á milli hæða eru járnbentir og staðsteyptir.
Þakplötur eru járnbentar og staðsteyptrar, vatnshalli tekin út í einangrun og farg ofan á.
Húsin eru einangruð að innan með EPS einangrun og pússuð og máluð.
Að utan eru húsin steinuð með náttúrusalla á 1.hæð, efri hæðir pússaðar og málaðar
Tröppuhús eru uppsteypt og klædd með álklæðningu og einangruð að utan.

f. Utanhússfrágangur og litaval:
Útveggir.
Veggir á 1. hæð eru með hvítum marmarasalla.
Efrihæðir eru pússaðir og málaðar í ljósum lit.
Svalaveggir að innan eru klæddir með íslensku greni í mismunandi lengdum og breiddum, loft er klætt með nótuðu greni lakkað með eldvarnar lakki, tré er meðhöndlað með litlausri fúavörn.
Stigahús eru einangruð að utan og klædd með litaðri álklæðningu.

Litir:
1 Hæð/kjallari: Marmarasalli er hvítur 7/15mm
2-5 hæð málun NCS-1000N
Litur á álistum í gluggum í útvegg RAL 7016
Litur á gluggum og handriði við svalir RAL 7016
Litur á stighúsum_RAL 7016

Þak.
Þök eru með ásoðnum pappa, Steinullareinangrun með vatnshalla, PVC vatnsvarnardúkur, filt og með ávölum steinvölum.

Gluggar og hurðir
Allir gluggar eru verksmiðjuframleiddir ál-timbur eða álgluggar af viðurkenndum framleiðanda með slitinni kuldabrú. Gler er tvöfalt k-einangrunargler, tegund er háð samþykki aðalhönnuða og verkkaupa. Hurðir út á svalir eru tré-ál hurðir.
Gluggar skulu uppfylla kröfur um einangrunargildi og vera vottaðir af NMÍ.
Gler í gluggum og hurðum í útveggjum verða í samræmi við leiðbeiningarblöð NMÍ rb(31) 121, rit 1-2-3 eftir því sem við á.

Svalir
Svalir eru klæddar með greni í veggjum og lofti, gólf er staðsteypt með halla að niðurfalli.
Gert er ráð fyrir opnanlegu svalalokunarkerfi með póstlausu glerjunarkerfi úr hertu gleri á brautum með 90 % opnunar möguleika, svalir verða með lágstemmdri lýsingu í lofti.

Loftræsing
Loftræsa skal öll gluggalaus rými í íbúðum ásamt geymslum í kjallara, inntaksklefa og lyftustokka svo sem er tiltekið í byggingnarreglugerð og á teikn. arkitekts og verkfr.
Vélræn loftræsing er í eldhúsi og einnig gert ráð fyrri háf með kolafilter. Öll baðherbergi eru með vélræna loftræsingu.

g. Handriði innan og utanhúss:
Handriði utanhúss er hluti af svalarlokunarkerfi, 1200 mm á hæð, frágangur skv. gildandi reglugerðum og teikningum arkitekts.
Stoðvegggir við skábrautir og útitröppur verða steinsteyptir með sjónsteypuáferð. Öll handrið utanhúss verða úr pólýhúðuðu áli sem byggð verða eins og handrið innanhúss. Sjá hæðir á grunnmynd.

Handriði innanhúss í stigahúsi er 1200 mm á hæð, gert úr flatstáli sem málað er í lit eftir húsnúmeri með 89mm á milli pílára.

h. Einangrun, heildarleiðnitap og heildarorkuþörf:
Einangrun nýbyggingarhluta verður í samræmi við gildandi byggingarreglugerð nr.112.

U-gildi Byggingarhluta W/m²K ein.þykkt gerð

U-gildi Byggingarhluta	W/m²K	ein.þykkt	gerð
Gólf-botnplata	0,18	150mm	Plast
Veggir steyptir, einangraðir að utan	0,35	150mm	steinull
Veggir steyptir, einangraðir að innan	0,34	100mm	Plast
Þak	0,13	250mm	Plast
Gluggar	1,40		
Hurðir	1,70		
Útveggir-vegið meðaltal (veggir gluggar/hurðir) hámark.	0,85		

i. Innanhússfrágangur:
Innveggir:
Léttir innveggir verða hefðbundnir hlaðnir veggir, pússaðir og málaðir.
Hljóðeinangrun kemur fram í kafla m. Hljóðvist og á teikningum arkitekts.
Gler og glerveggir/hurðar innanhúss eru almennt úr hertu öryggisgleri og verða í samræmi við leiðbeiningarblöð NMÍ rb(31) 121, rit 1-2-3 eftir því sem við á.

Innihurðir:
Innihurðir eru hefðbundnar timburhurðir, nema annað komi fram á teikningum arkitekts. Hljóðeinangrun kemur fram í kafla m. Hljóðvist og á teikningum arkitekts.
Brunakröfur koma fram í kafla i. Brunavarnir og á teikningum arkitekts.

Gólfefni:
Gólfefni verða að vali verkkaupa/íbúðareiganda, gólf eiga að uppfylla kröfur m.v. flokk C skv. íST45, t.d. með hljóðdúk undir gólfefni.
Gólfefni stigahúss eru teppi, brunaþol skv. kafla I. Brunavarnir.
Gólf í kjallara verða máluð.

j. Lagnir:
Frárennslislagnir í jörð verða viðurkenndar plastlagnir sér styrktar á umferðarsvæðum.
Frárennslisstofnar innanhúss í kjallara eru pottlagnir og í íbúðum á 1-5 hæð verða hljóðeinangrandi plastlagnir í lagnastokkum og léttum veggjum, hliðargreinar innan íbúða verða hefðbundnar PP lagnir.
Niðurföll verða sett í öll votrými í samræmi við teikningar aðalhönnuðar
Sér inntaksrými eru fyrir heitt og kalt vatn í hvert stigahús.
Stofnlagnir fyrir neysluvatnslagnir verða viðurkenndar álplastlagnir eða ryðfrítt stál sem lagðar verða í lagnastokkum, léttum veggjum eða einangrun útveggja að tengistútum. Lagnir einangrast á hefðbundinn hátt.
Stofnlagnir fyrir hitalagnir verðar skrúfaðar svartar stálpípur sem lagðar verða í lagnastokka og einangrun útveggja. Húsið verður upphitað með hefðbundnu ofnakerfi með sjálfvirkum ofnkrönum. Hitalagnir einangrist á hefðbundinn hátt.
Stígar og rampar við hús verða snjóbræddir með affallsvatni frá ofnakerfi húsanna og uppblöndun.
Öll lokuð rými í húsinu verða loftræst með viðurkenndum loftrásum út úr húsi. Einnig verða eldhús loftræst út úr vegg.
Önnur rými eru loftræst um opnaleg fög í gluggum útveggja.

k. Rafkerfi:
Lagnaleiðir lág- og smáspennukerfa verða huldar eða utanáliggjandi. Innfelldar pípulagnir verða í loftum, léttum veggjum og gólfum fyrir lagnaleiðir að jaðarbúnaði, eftir því sem við á. Í tilfellum sem notaðar verða utanáliggjandi pípur verða þær úr áli eða höggheldu plasti.
Lagnaleiðir utanhúss eru og verða plastpípulagnir í jörðu og verða þær samræmdar þannig að lagnaleiðir rafkerfa fylgja lögnum annarra kerfa þar sem því verður við komið.
Ekki er gert ráð fyrir sérstökum öryggisbúnaði og innbrotakerfi í byggingunni.
Rafbúnaður verður hefðbundið innlagnaefni eftir því sem við á hverjum stað. Ljósum verður almennt staðstýrt í herbergjum.
Birtukröfur fyrir lýsingu verða í samræmi við reglugerðir um birtu (lux) í einstökum rýmum. Lýsing verður hefðbundin ýmist utaná liggjandi eða innfelld og lampar valdir í samræmi við notkun rýmisins.
Neyðar- og ÚT-lýsing verður í samræmi við staðla og í samræmi við gildandi byggingarreglugerð nr. 112.

i. BRUNAVARNIR
Eftirfarandi brunavarnalausnir og brunavarnatexti er gerður af Lotu í nóvember 2017 fyrir Holtsveg 2-6, Garðabæ. Fyrri texti var gerður af VSI. Ekki er um frekari brunaskýrslu að ræða.

Breytingar í þessari útgáfu
Tveir reykskynjarar og eitt slökkvitæki skulu vera í hverri íbúð.
Ekki er krafa um biðsvæði eða samskiptabúnað.
Ekki er krafa um að eldverja klæðningu á svölum vegna glerhandriðanna.

Flokkun og notkun byggingar
Byggingin er fjölbýlishús í notkunarflokki 3 skv. byggingarreglugerð. Geymslur í kjallara eru í notkunarflokki 1.

Brunahólfun
Almennt:
Stigahús ásamt lyftu í þriggja og fjögurra hæða hluta hússins eru sér brunahólf og uppfylla kröfur um stigahús 1 skv. byggingareglugerð.
Stigahús í fimm hæða hluta uppfyllir kröfur um stigahús 2.
Lyftustokkur þar verður sér brunahólf.
Hver hæð skiptist með eldvarnarvegg a.m.k. REIM-120.
Kjallari:
Geymslukjarnar auk vagna/hjólageymslu eru eitt brunahólf fyrir hvern stigagang.
Inntaksrými fyrir rafmagn eru sér brunahólf.
Íbúðarhæðir:
Hver íbúð er sér brunahólf með a.m.k. EI90 veggjum milli íbúða og EI60 vegg og EI_2 30-CS_m hurðum að gangi.
Lóðrétt fjarlægð milli glugga er sums staðar minni en 1,2 metrar. Þar sem þannig háttar til er gler á annarri hvorri hæð a.m.k. E30.

Burðarvirki
Brunamótstaða aðalburðarvirkja verður a.m.k. R90 og R60 á efstu hæð.
Brunamótstaða burðarvirkis þaks verður a.m.k. R60.
Brunamótstaða burðarvirkis stiga verður a.m.k. A-R60.
Hæðaskil og svalir verða a.m.k. REI90.

Klæðningar
Klæðningar verða skv. staðlaröðinni ÍST EN 13501.
Allar innanhúsklæðningar verða í flokki 1 og gólfefni í flokki G nema í stigahúsum C_{fl}-s1.
Utanhúsklæðningar verða í flokki 1.
Veggir og loft svala með svalalokun verða klædd með viðurklæðningu sem er í flokki 2.

Flóttaleiðir
Frá hverri íbúð er önnur flóttaleiðin út á svalir.
Frá geymslugöngum hvers húss eru tvær óháðar flóttaleiðir.
Hámarksálag til að opna flóttahurðir skal vera 25 N.

Brunaviðvörunarkerfi
Staka reykskynjara með hljóðgjafa skal setja í hverja íbúð, a.m.k. einn á hverja 80 fermetra.
Reykskynjarar verða í geymslugöngum.

Loftræsikerfi
Útblásturkerfi frá íbúðum skulu hönnuð skv. DS428.
Þannig skal gengið frá loftræsikerfum að þau rýri ekki brunahólfun byggingarinnar og stuðli ekki að reykútbreiðslu við bruna.
Sjálfstætt útblástursrör verður frá hverri íbúð. Frágangur við útblásturssamstæðu skal vera í samræmi við DS428. Einangra skal á milli útblástursröra með viðunandi hætti innan lagnastokks.

Reyklosun
Reyklosun úr stigahúsum verður um reyklúgu í þaki, a.m.k. 1 m^2 sem opnast handvirkt með hnappi við inngang.
Reyklosun úr lyftuhúsi í miðstigahúsi verður í þaki, a.m.k. 0,5 m^2 sem opnast handvirkt með hnappi við inngang. Aðrir lyftustokkat hafa sameiginlega reyklosun með stigahúsi.
Reykræsing frá geymslukjörnum verður um hurðir beint út.

Stigleiðslur
Stigleiðsla verður í hæsta stigahúsinu sem er stigahús 2, og skv. grein 9.8.5 í byggingarreglugerð a.m.k. 80 mm að innan máli. Á 2. hæð og ofar skulu vera 75 mm Storz úttakstengi við stigahús. Nægilegt athafnapláss skal vera við stútana sbr. leiðbeiningar MVS nr. 9.8.5. Utanhúss verður inndælingarstútur fyrir slökkvilið, greinilega merktur með skilti. Tæming skal vera á neðsta punkti leiðslunnar. Tengistaður er innan 20 m frá aðkomu slökkviliðs.

Slökkvibúnaður
Slökkvitæki skulu uppfylla kröfur skv. ÍST EN 3.
Í hverri íbúð skal vera a.m.k. eitt slökkvitæki.
Í geymslugöngum og við tæknirými rafmagns skulu vera slökkvitæki.

Neyðarlýsing
Neyðarlýsing verður sett upp í stigahúsum skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum.
Reikna skal með a.m.k. 5 lux í stigahúsum en 0,5 lux í lyftum. Útmerki verða við flóttaleiðir frá geymslum.
Neyðarlýsing, a.m.k. 5 lux, verður í inntaksrýmum.

Aðkoma slökkviliðs
Aðkoma slökkviliðs er um Holtsveg inn á lóð.

m. Hljóðvist:
Hljóðvist í byggingunni verður í samræmi við gildandi byggingarreglugerð nr. 112 og í samræmi við ÍST45 og eigi lakari en í flokki C.

n & o.Tæknibúnaður:
Lyftur:
Allir lyftustokkar eru loftræsir upp við þak samk. byggingarreglugerð.
Ekki er um að ræða neinn sértækan þrýsti eða vélbúnað í byggingunni.

p. Aðgengi og algild hönnun:
Byggingin verður hönnuð í samræmi við kröfur um algilda hönnun sem gilda fyrir þá starfsemi sem byggingin er ætluð fyrir. Hönnun verður í samræmi við gildandi byggingarreglugerð nr.112 og leiðbeiningarblöð Mannvirkjastofnunar þar að lútandi.
Sjá meðfylgjandi greinargerð hönnuða sem gerir grein fyrir breytingum á íbúðum fyrir algilda hönnun.

q. Frágangur lóðar:
Aðkoma og bílastæði sem nýtast lóðinni eru þrískipt skv. deiliskipulagi. Meðfram Holtsgötu eru 6 stæði samsíða götu. Þá eru 22 stæði meðfram aðkomugötu innan lóðar, og 26 stæði, þar af þrjú sérmerkt hreyfihömluðum, inni á kjarnasvæði lóðar. Frá garðrými er lóð hönnuð með aðgengi fyrir alla, í tengslum við þrjá aðalinnganga hússins. Framan við og meðfram húsinu liggur breiður göngustígur er tengir inngangа við bílastæði og aðliggjandi almenna göngustíga við sinn hvorn endann. Að auki liggur göngustígur meðfram norður- og austurhlið hússins sem tengjast með bæði tröppum og römpum Holtsvegi að ofan.

Frágangur á lóðarmörkum að Urriðaholtsstræti verður í samráði við lóðarhafa. Lagt er upp með að hæðarmun verði eytt út í fláa inn á aðliggjandi lóð þar til byggt verður á henni.

Sorpskýlum verður komið fyrir í tengslum við hvern af þremur inngöngum hússins. Hvert skýli hefur pláss fyrir fjögur 660 lítra ker þar sem hægt er að flokka í fjóra sorpflokka eða 2x grá og blá ker.

Fjölbýlishúsið er þrískipt og hæðarstallast hver eining um 0,5m. Hæðarmunur innan lóðar er tekinn upp með fláum eða hleðslustein, en meiri hæðarmunur er brúaður með hlöðnu grjóti eða steinkörfum („gabionum"). Um aðlögun á hæðarmun til nærliggjandi lóða skal hafa samráð við viðkomandi lóðarhafa skv. skipulagsskilmálum. Lóð 14-18, 8-12 og 2-6 er í eigu sama aðila og því hafa lóðir verið samræmdar.

Í skipulagsskilmálum hverfisins er gert ráð fyrir að sem mest af regnvatni skili sér í sem allra mestu mæli beint niður í náttúrulegan grunn. Þannig er gert ráð fyrir að þakvatn og yfirborðsvatn sé leitt í malar-/grjótsvelgi sem útbúnir eru undir grassverði á a.m.k. þremur stöðum á lóðinni. Ofnavatn verður leitt frá þaki og svölum hússanna að hluta til um sýnileg niðurfallsrör úr áli/plasti og að hluta til úr huldum niðurfallsrörum úr PEH soðnum plastlögnum, þaðan er vatnið leitt í jörðu um hefðbundnar PVC plastlagnir eða sérstyrktar plastlagnir þar sem umferðarálag getur verið.
Ofanvatni er veitt að þremur þar tilgerðum grjótsvelgjum í lóð. Lagnir frá niðurföllum í lóð og bílastæðum verða líka leidd í sömu grjótsvelgi með sérstyrktum plastlögnum.
Grjótsvelgir eru útbúnir í klöpp og fylltir með drenandi möl, þó verður efst settur drenandi jarðvegsdúkur, sandlag og gras yfirborð. Þar sem hætta er á hægri niðurseytlan úr svelg vegna þétts jarðvegs verða allir svelgir tengdir saman með yfirfallsröri ofarlega í svelg. Yfirfall úr svelg næst lóðarmörkum verður síðan tengt regnvatnslögn í götu sem mun virka sem öryggisyfirfall.

Affalli hitaveitu verður veitt í sérstaka lögn veitna í götu sem eru hugsaðar til þess. Einnig er gert ráð fyrir að yfirborð á göngustígum og bílastæðum sé gegndræpt þannig að regnvatn geti seytlað niður í svörðinn undir. Malbik er notað í aksturleiðir inn á lóð en bílastæðin lögð með hellum gegndræpu yfirborði .
Stígar að framanverðu og aftanverðu eru hellulagðir fremur smáum hellum (30x30cm) og leiksvæði lögð gúmmístyrktum grasmottum.

Gert er ráð fyrir möguleika á sérstakri aðkomu körfubíla slökkviliðs frá austurenda bílastæða.

Leiksvæði barna og dvalarsvæði almennings er komið fyrir í skjól- og sólarbesta stað lóðarinnar, fyrir miðjum armi hússins. Þær er gert ráð fyrir rólum og sandkassa ásamt klifur- og jafnvægisslám. Á svæðinu er einnig rými fyrir borð og bekki, grillaðstöðu og flaggstöng.

Að öðru leyti er lóðin ríkulega gróðurvædd sbr. skýringamynd skipulags og áherslur í greinargerð. Lögð er áhersla á aðgreiningu gestastæða á götu frá nærsvæðum lóðar, svo og aðgreiningu leik- og dvalarsvæða frá bílastæðum. Með trjábeltum er leitast við að dempa ofanvinda í hverfinu. Stakstæð tré og runnar á víð og dreif nær húsi eru til yndis og nota, svo sem berjarunnar ofl.

Lóð er upplýst með "polla" lýsingu og ljósastaurum sem lýsa upp sorpgerði bílastæði og gangstíga, sjá nánar lóðarmynd. Utanhússlýsing er við alla innganga og rampa að sameign í kjallara.

r. Meðhöndlun úrgangs:
Sorpgeymsla og flokkun sorps er í óupphituðu opnu útiskýli garðmegin við húsið, veggir eru timburveggir (greni) og þak er óeinangrað timburþak. Gólf er steypt með halla að niðurfalli.Í hverju sorpskýli er spúlslanga. Fjöldi og stærð tunna/gáma verður í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar. Sorp er flokkað í þartilgerð ílát, Stærð og gerð samkv. reglugerð.

s. Sértækar aðgerðir:
Ekki er um að ræða neinar sértækar aðgerðir.

Skýringar tákna

1 Texti 1:100	Teikning Skýring Mælikvarði
1 (99)1.00	Táknar snið Númer á teikningu Númer á blaði
1 (99)1.00	Táknar ásýnd utanhúss Númer á teikningu Númer á blaði
Samb.	Táknar að snið, deili eða ásýnd á viðkomandi stað er sambærilegt við teikningu sem vísað er í.
N	Norðurpíla
K: 0,00	Táknar gólfkóta, hæð á grunnmynd
K: 0,00	Táknar kóta, hæð á sniði
XX	Táknar halla í gráðum eða sem hlutfall
LR	Táknar loftræsingu
GN	Táknar gólfniðurfall
1	Táknar tilvísun í skýringartexta
0101	Táknar skráningarnúmer
EI60	Táknar brunamótstöðu byggingarhluta (heilleiki og einangrun) í mínútum
R60	Táknar brunamótstöðu burðarvirkis í mínútum
EI-CS30	Táknar brunamótstaða hurðar í mínútum. S táknar reykþéttingu C táknar sjálflokandi
BO	Táknar björgunarop
ÚT	Táknar flóttaleið
!	Táknar stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis
25m	Táknar brunaslöngu Lengd slöngu í metrum
R	Táknar reykskynjara
	Táknar biðsvæði hjólastóla
	Táknar inndælingarstút stigleiðslu
	Táknar tengistút stigleiðslu
HSL	Handslökkvitæki

Yfirfarið af brunahönnuði
LOTA

útg.	dags.	skýring	teiknað
B	1.12.2017	Fallið frá brunavörn viðarklæðninga á svölum, handslökkvitæki (HSL) og reykskynjarar (R)	JBs
A	26.5.2016	Frágangur lóðar og stigleiðsla í stigahúsi mhl 02	JBS

Skýringamynd

Holtsvegur 2-6

Heimilisfang:	Holtsvegur 2-6
Sveitarfélag:	210 Garðabær
Verkhluti:	AÐALUPPDRÆTTIR
Skýringartexti:	ALMENNAR SKÝRINGAR

hannað / teiknað: aþj, jbs
yfirfarið / samþykkt: vm/aþj
mælikvarði: 1 : 200
staðgreinir: 1300-01-41900020
landnúmer: 222443

Arkitekt:

Aðalsteinn Snorrason	arkitekt faí	kt.161161-2769
Arnar Þór Jónsson	arkitekt faí	kt.010174-4819
Birgir Teitsson	arkitekt faí	kt.020460-4589
Björn Guðbrandsson	arkitekt faí	kt.170174-3059
Egill Guðmundsson	arkitekt faí	kt.270152-6869
Þorvarður L. Björgvinsson	byggingafræðingur bfí	kt.250572-3529

Hönnuður aðal-/séruppdrátta:
Hönnunarstjóri:

Arkís arkitektar Höfðatúni 2 105 Reykjavík kt 531107-0550
sími 511 2060 fax 511 2066 www.ark.is netfang arkis@ark.is

dagsetning: 29.1.2016
verknr.: 15-049

ARKÍS arkitektar

(99)1.00 teikning
B breyting

Blaðastærð A1 = 841 x 594

ARKÍS ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM, FJÖLFÖLDUN ER HÁÐ SAMKOMULAGI